

Mál nr. 356/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

### Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

#### Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. október 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V2, dags. 18. október 2023.
3. Bréf V1, dags. 31. október 2023.

#### Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A, sem vátryggð er hjá V1 og B, sem vátryggð er hjá V2 á við Klettatröð í Reykjanesbæ þann 24. ágúst 2023. M sem er eigandi A ók bifreið sinni aftur á bak úr bifreiðastæði við Klettatröð 3 þegar bifreiðinni B var ekið inn í hægri afturhlið bifreiðar hans. Kastaðist bifreið M við það á aðra bifreið. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 383/23 að M sem ökumaður A bæri alla sök á árekstrinum. M er ósáttur við þá niðurstöðu þar sem hann telur að bifreiðinni B hafi verið ekið alltof hratt miðað við aðstæður umrætt sinn. M hafi varla verið kominn út úr bifreiðastæðinu þegar atvikið átti sér stað og var það ómögulegt fyrir hann að sjá B þar sem önnur bifreið var lögð fyrir hann. Vísar M til fyrirbyggjandi myndbandsupptöku til stuðnings þess að hraði B hafi verið langt yfir 50 km/klst.

V1 skilar ekki inn athugasemdom. V2 telur að ljóst að bifreiðinni A hafi verið ekið aftur á bak í veg fyrir bifreiðina B sem var ekið eftir Klettatröð. V2 telur að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum og vísar til 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

#### Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þannig bar M sem ökumanni A að gæta sérstaklega að annarri umferð áður en hann ók aftur á bak úr stöðureit og jafnframt veita allri umferð um Klettatröð forgang sbr. 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem segir að ökumaður skuli veita umferð forgang hvarvetna þar sem ekið er inn á veg af bifreiðastæði, lóð eða landareign, bifreiðastöð eða svipuðu svæði utan vegar eða af vegslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið, vegöxl eða yfir gangstíg, gangstétt eða hjólastíg. Fyrirliggjandi myndbandsupptaka af árekstri þykir að mati nefndarinnar ekki sýna fram á of hraðan akstur ökumanns B. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, er það álit nefndarinnar að M sem ökumaður bifreiðarinnar A verði að bera alla sök á árekstrinum en með háttsemi sinni braut hann gegn 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

#### Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 5. desember 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir